I. Til ríkisstjórnarinnar um vegamál.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvaða þjóðvegir eru svo breiðir, að þar sé hægt að láta bifreiðar mætast, án þess að draga úr hraða?
2. Hvaða þjóðvegir eru svo mjóir, að bifreiðar geta ekki mætzt nema með töfum og erfiðleikum?
3. Treystir stjórn samgöngumálanna sér til að láta gera „útskot“ og glögg leiðarmerki, með ca. 200 m millibili á öllum mjóum þjóðvegum, fyrir árslok 1950?

II. Til ríkisstjórnarinnar um verðmæti landbúnaðarvöru.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hve mikið var „brúttó“verð íslenzkra landbúnaðarafurða, miðað við innlent og erlent verðlag árið 1947?

III. Til ríkisstjórnarinnar varðandi sjúkrahæli í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvenær voru hælin í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi stofnuð og lögð niður?
2. Hve mikill var stofnkostnaður og rekstrarkostnaður hvors hælis?
3. Hve margir sjúklingar dvöldu í hvoru hæli?
4. Hvers vegna var hælisvist í Kaldaðarnesi lögð niður?
5. Hvaða nefndir höfðu yfirstjórn og mannaforráð í þessum hælum, og hver var tilkostnaður ríkisins í því efni?

IV. Til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi fjárhagslega aðstoð við skip þau, er voru á síldveiðum síðastliðið sumar.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

1. Hvað líður störfum þeirrar nefndar, sem ráðherra skipaði til þess að athuga möguleika á fjárhagslegri aðstoð til þeirra skipa, er urðu fyrir stórfelldum taprekstri á síðustu síldarvertíð?
2. Hvenær má vænta þess, að útgerð áðurtaldra skipa verði gert kleift að greiða sjómönnum vangoldið kaup fyrir síðustu síldarvertíð?

V. Til atvinnumálaráðherra varðandi eignarrétt á Þjórsá.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hver er eigandi vatnsréttindanna í Þjórsá?
2. Svo fremi hlutafélagið Titan teljist eigandi, er það þá löglegur íslenzkur eigandi?

VI. Til atvinnumálaráðherra varðandi bændaskóla landsins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu margir nemendur hafa sótt bændaskólana á Hvanneyri og á Hólum árlega undanfarin 5 ár, og hversu margir nemendur geta stundað nám í hvorum skóla?
2. Hver hefur orðið árlegur kostnaður við skólahaldið undanfarin 5 ár?
3. Er undirbúningur hafinn að byggingu bændaskóla í Skálholti samkvæmt lögum nr. 24/1948, og sé svo, um hvaða framkvæmdir er þá að ræða, og hversu miklu fé hefur verið varið til þeirra?

VII. Til menntamálaráðherra varðandi menntaskólakennslu í héraðsskólanum að Laugarvatni.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu margir nemendur stunduðu í fyrravetur menntaskólanám í héraðsskólanum að Laugarvatni, og hversu margir stunda þar slíkt nám í vetur?
2. Hver hefur orðið kostnaðurinn við þessa kennslu?
3. Samkvæmt heimild í hvaða lögum hefur sá kostnaður verið greiddur úr ríkissjóði?

VIII. Til fjármálaráðherra um ríkisreikningana.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvernig stendur á því, að ríkisreikningarnir fyrir árin 1945, 1946 og 1947 hafa ekki enn verið lagðir fyrir Alþingi til úrskurðar, og hvenær verður það gert?